

Ísafjarðarbær  
Guðmundur Rafn Kristjánsson  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 14. desember 2023  
UST202311-135/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Vinnslutillaga - Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020 - Mjólka - Stækkun virkjunar - afhending grænnar orku og nýrrar bryggju**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu til kynningar á vegna breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 varðandi stækkunar Mjólkárvirksunar, afhendingar grænnar orku og nýrrar bryggju.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að hækka núverandi stíflu við Tangavatn um þrjá metra, auk þess segir að núverandi stíflu við Tangavatn er með 60 m löngu steypu yfirfalli en lengd stíflu, með lausu efni, er um 100 m og eftir breytingu verður yfirfallið um 100 m langt og lengd stíflu um 230 m. Einnig verður lögð um 700 m löng niðurgráfin þrýstipípa frá Tangavatni, 220 metrar af nýjum veituskurðum og lagður 800 m vegur að fyrirhuguðu 60 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi við Hólmavatn. Auk þess er skilgreint svæði fyrir afgreiðslu, framleiðslu og geymslu á eldsneyti og á svæðinu er gert ráð fyrir þremur allt að 400 m<sup>2</sup> byggingum í tengslum við virksjunina og starfsemi á svæðinu. Auk þess er fyrirhugað að byggja nýja bryggju við núverandi ferjubryggju í sunnanverðum Borgarfirði.

Umhverfisstofnun vill benda á að nú þegar er búið að fara nokkuð víða til vatnsöflunar fyrir Mjólkárvirksjun og telur Umhverfisstofnun jákvætt að nýta betur vatn á svæðum sem þegar eru nýtt í stað þess að sækja inn á ný svæði. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi á framfæri.

### **Valkostir**

Í greinargerð kemur fram að leggja eigi pípurar í jörðu. Umhverfisstofnun bendir á að vegna aðstæðna á svæðinu ætti að leggja áherslu á að skoða nána að hafa lagnirnar á yfirborði þannig að um afturkræfar aðgerðir verði að ræða. Nú liggja aðrennslispípur á yfirborði að Mjólkárvirksjun og þótt hér sé um viss neikvæð sjónræn áhrif að ræða eru þau áhrif hverfandi miðað við rask sem fylgja mundi aðgerðum við að koma þessum lögnum í jörð. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þeir tveir valkostir, annars vegar að leggja pípurar í jörðu og að hafa þær á yfirborði séu skoðaðir nánar.

## Markmið verkefnisins

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að markmið verkefnisins snúi einnig að vernd landslags, vatns, lífríkis og fuglalífs. Auk þess að settir séu fram valkostir um að ná markmiðum verkefnisins án þess að raska landslagi, víðernum, ásýnd, vatni, lífríki og fuglalífi.

## Verndarmarkmið Aðalskipulags og Hverfisvernd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé mun ýtarlegra um verndarmarkmið hverfisverndar í tillögunum. Í greinargerðum segir að framkvæmdir skulu þó vera í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins, því þarf að fjalla mun ítarlegar um verndarmarkmið aðalskipulags.

Umhverfisstofnun setur spurningamerki við að setja ákvæði hverfisverndar í viðauka, þar að auki óskýra innskönnun.

## Markmið víðerna

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunum hver áhrif tillögunnar séu á víðaerni og stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

## Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að leiðrétta þarf umfjöllun um vatnshlotin Mjólka (vatnshlot 101-426-R) og Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) hvað varðar umhverfismarkmið vatnshlotanna og ástandsmat. Vatnshlotin tvö hafa ekki verið flokkuð sem mikið breytt og manngerð heldur eru þau tilgreind í skýrslu<sup>1</sup> Hafrannsóknastofnunar í töflu 4 yfir vatnshlot sem hafa orðið fyrir vatnsformfræðilegum breytingum, en þar er ekki lagt mat á það hvort þau séu ekki líkleg til að ná að lágmarki góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlotanna er að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi samkvæmt vatnaáætlun og vatnavefsja stjórnar vatnamála og hafa hvorki verið metin sem mikið breytt eða manngerð vatnshlot, né verið metin sem ekki líkleg til að ná að lágmarki góðu vistfræðilegu ástandi. Vatnshlotin hafa eingöngu verið metin undir álagi af völdum vatnsformfræðilegra breytinga og viðeigandi álagsþættir skráðir fyrir þau í vatnavefsja stjórnar vatnamála. Hvorki

---

<sup>1</sup> Eydis Slaome Eiríksdóttir ofl. (2022). Vatnshlot á virkjanasvæðum. Framhald vinnu við tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum og yfirlit yfir aðgengileg gögn um gæðapætti. Hafrannsóknastofnun, KV 2022-16. 30. bls.

Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) né Tangarvatn (óskilgreint vatnshlot) hafa verið skilgreind sem uppistöðulón.

Í umhverfismati er lögð fram matsspurningin: *Er stefnan í samræmi við vatnaáætlun?* Umhverfisstofnun telur að þessari spurningu sé ekki fyllilega svarað. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá [vatnaáætlun](#) og [vatnavefsjá vatnamála](#)).

Mikilvægt er að framkvæmdaraðili fjalli um hver möguleg áhrif stækkunarinnar eru á vatnshlotin og hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Vatnsaflsvirkjanir hafa umtalsverð áhrif á vatnshlot öllu jafna, og því ber að huga snemma að því í ferlinu hver áhrifin verða, bæði bein og óbein áhrif. Verði niðurstöður slíks áhrifamats til þess að líklegt sé að umhverfismarkmið náist ekki, getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshlotunum.

Áhrif á vatnshlot skal meta út frá gæðapáttum sem finna má í skýrslum á [vatn.is](#).

Samkvæmt 28. gr. laga um stjórn vatnamála getur leyfisveitandi (s.s. sveitarfélag og viðeigandi leyfisveitandi) ekki gefið út leyfi nema framkvæmdin sé í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

## Vötn

Í greinargerð kemur fram að vötnin á svæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á vötnunum. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

## Námur

Í greinargerð segir að efni sé tekið úr lónstæði, allt að 11.000 m<sup>3</sup> vegna stíflu, um 1.500 m<sup>3</sup> í vegagerð og 1.200 m<sup>3</sup> vegna pípu. Einnig fæst efni í veginn við skeringar vegna vegagerðar og úr skurði þrýstipípu (1.500 m<sup>3</sup>). Efni fyrir pípu þarf hugsanlega að flytja lengra að, úr opnum námum í nágrenninu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hvað er átt við í umfjöllun um að efni sé tekið úr lónstæðinu, hver konar efni sé tekið, hve stórt efnistökusvæðið er og hver áhrif efnistökuar er á vatnið í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Auk þess er æskilegt að það komi fram hvornig efni frá veituskurðum verði meðhöndlað.

## Sjóvarnargarðar

Í greinargerð segir að gert er ráð fyrir grjótgarði að utan- og innaverðu og um 1 ha viðlegu og athafnasvæði á milli þeirra.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma skýrt fram hvort að einhverju efni verði varpað í hafið við gerð bryggju, grjótgarða og sjóvarnargarða.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 laga um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi fyrir að efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

## Útivist

Umhverfisstofnun bendir á að huga þarf mun betur að útivist í tillögunni. Þó svo að grunnástand útivistar í dag sé á þá leið að fáir fari um óbyggðirnar, er nauðsynlegt að horfa til framtíðar, áratugi fram í tímann. Í umhverfismati vinnslutillögunnar undir ásjúnd segir að veitumannvirkin og innviðir sem þeim tengjast hafa haft neikvæð áhrif á ásjúnd svæðisins og því mun virkjunin hafa áhrif á upplifun þeirra gesta sem munu heimsækja svæðið í framtíðinni. Mikilvægir almannahagsmunir eru fólgnir í því að vernda landslag, ásjúnd og víðerni.

Eins og áður segir er upplifun mikilvægur hluti hugtaksins óbyggð víðerni og verndargildi þeirra felst því ekki einungis í að ummerkja mannsins skuli gæta lítið sem ekkert og að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum, heldur felst verndargildið jafnframt í því að fólk, bæði núlifandi sem og komandi kynslóðir, geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, sbr. 46. gr. náttúruverndarlaga.

## Starfsleyfi og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Umhverfisstofnun vill benda á að í aðalskipulaginu eru fyrirhugaðar tvær framkvæmdir sem falla undir viðauka I í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdirnar sem um ræðir eru annarsvegar stækkun Mjólkárvirkjunar og hins vegar framleiðsla á vetni með rafgreiningu og beinir Umhverfisstofnun því til framkvæmdaraðila að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá frekar leiðsögn um matsferlið.

Auk þess er framleiðsla á vetni starfsleyfis skyld starfsemi hjá stofnunninni samkvæmt tl. 4.2 í I. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**Sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**